

Titill: Kynfræðsla – kynheilbrigði og samfélagið

Skammstöfun: KYNH2AB05

Námsgrein: Sálfræði

Viðfangsefni: Kynheilbrigði

Prep: 2

Einingafjöldi: 5

Lýsing:

Áfanginn fjallar um kynheilbrigði í víðum skilningi. Sérstök áhersla er sett á kynheilbrigði unglunga en nemendur læra um kynferðisþroska frá fæðingu og út lífið. Til umfjöllunar í áfanganum er meðal annars kynferðisþroski, frjósemisheilbrigði, kynfærin, smitsjúkdómar og varnir gegn þeim, sjálfsmynd og líkamsímynd, ofbeldismenning, mismunandi kynhegðun, mörk og samþykki, ábyrgð og klám. Í tengslum við öll þessi atriði og fleiri verða ræddir samfélagslegir þættir sem hafa áhrif á okkur sem kynverur, hinsegin veruleiki og kynjakerfið. Í áfanganum gefst nemendum tækifæri á að vinna fjölbreytt verkefni innan kennslustunda og utan og eiga samtál við samnemendur á jafningjagrundvelli.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Kynheilbrigði, frjósemi, kynsjúkdómar, sjálfsmynd, líkamsímynd, kynferðisleg ánægja, kynverund, samskipti, samþykki, mörk, kynjakerfið, kynlífshandritið, klám/klámvæðing, væntingar.

Forkröfur: Engar forkröfur

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hugtökum og ólíkum sjónarhornum sem tengjast kynverundinni
- margbreytileika kynverundarinnar og hvernig hann hefur meðal annars áhrif á einstaklinga, pör og stofnanir
- kynferðisþroska mannsins, kynfærum og frjósemi yfir æviskeiðið og áhrifaþáttum á kynheilsu
- þeim félagslegu áhrifum sem hafa áhrif á kynverundina
- hvernig sjálfsmynd og líkamsímynd hefur áhrif á kynverundina
- kynferðislegu ofbeldi og hvernig það snertir kynheilbrigði

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá eigin skoðun á þáttum tengdum kynverundinni og kynheilbrigði
- mynda sér skoðun á ýmsum þáttum kynheilbrigðis
- vinna saman í hópum þar sem kynheilbrigðismál eru rædd
- þekkja eigin líkama og langanir og hafi getuna til þess að sækjast eftir því sem þeir vilja í eigin kynlífi

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- horfa á samfélagið og menninguna með gagnrýnum hætti
- fræða aðra um kynheilbrigðismál
- taka ákvarðanir um eigin kynhegðun og heilbrigði
- gera sér grein fyrir eigin skoðunum á kynhegðun og kynheilbrigði

Námsmat: Fjölbreytt tímaverkefni, vikulegar dagbækur, föntruð kynfæri, skilgreining á hugtaki, lokaverkefni.